

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXVI. árgangur.

2. hefti.

1985

Priðjudaginn 11. júní 1985.
Nr. 110/1983. **Bæjarstjórn Neskaupstaðar**
f.h. bæjarsjóðs
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
gegn
Rögvaldi Þorkelssyni
og gagnsök
(Páll A. Pálsson hrl.)

Eignarnám. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1983. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að fjárhæð sú, er gagnáfrýjanda var dæmd með hinum áfrýjaða dómi, verði lækkuð.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. júní 1983 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 298.630,00 krónur með dómvöxtum frá 1. júlí 1982 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi situr í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Ástu Rögvaldsdóttur. Er hann því bær til að reka mál þetta í eigin nafni.

Eignarnámsbeiðni og mat á eignarnámsbótum sem málsókn þessi er risin af, varðar eignarhluta gagnáfrýjanda í Neseigninni, þ.e.

jörðinni Nesi í Norðfirði ásamt Naustahvammi og Bakka. Eign þessi er í sameign Neskaupstaðar og hafnarsjóðs kaupstaðarins annars vegar og gagnáfrýjanda og nokkurra annarra einstaklinga hins vegar. Samkvæmt málgögnum eiga hinir fyrirtölu 91,67% eignarinnar, en hinir síðartölu 8,33%, þar af gagnáfrýjandi 3,33%. Neskaupstaður hefur byggst á landi þessu, og hafa spildur úr því verið seldar á leigu sem byggingarlóðir. Eigendur hafa haft með sér samtök um hagnýtingu eignarinnar og hafa kosið úr sínum hópi nefnd manna svonefnda Mælinganefnd, til að annast útmælingar lóða, gerð lóðarleigusamninga, innheimtu lóðarleigu o.fl. Virðist þó svo, að á síðari árum hafi bæjarráð ásamt fulltrúa eigenda annast þessi störf í umboði nefndarinnar að því er talið er.

Aðaláfrýjandi hvarf ekki frá fyrirhuguðu eignarnámi á eignarhluta gagnáfrýjanda fyrr en með samþykkt bæjarstjórnar 28. júlí 1981. Var þá liðinn frestur sá, sem settur er í 15. gr. laga nr. 11/1973. Sérstök andmæli hafa ekki verið höfð uppi gegn kröfu gagnáfrýjanda um, að vextir af matsfjárhæð reiknist frá dagsetningu matsgerðar, 4. maí 1981. Ekki verður tekin til greina krafa gagnáfrýjanda um dómvexti af þeim dráttarvöxtum fram að upphafi málsóknar þessarar. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en það, að rétt þykir að dæma gagnáfrýjanda dómvexti af matskostnaði sem og matsfjárhæðinni frá 1. júlí 1982 að kröfu hans, en stefna var birt 29. júní 1982.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað, og ákveðst hann 85.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórn Neskaupstaðar f.h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Rögnvaldi Þorkelssyni, 209.190,00 krónur með 37% ársvöxtum af 201.690,00 krónum frá 4. maí 1981 til 1. júlí 1982, en með dómvöxtum af 209.190,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 85.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu um allt annað en það, hvernig fara skuli með vexti frá 4. maí 1981 til upphafs málsóknar í máli þessu. Stefndi telur tjón sitt vegna eignarnáms á hluta hans í Neseigninni vera:

1. Eignarnámsbætur skv. mati	kr.	201.600,00
2. Útlagðan kostnað vegna matsins	—	7.500,00
3. Vexti (37% p.a.) af kr. 209.190,00 frá 4. maí 1981 til upphafs málsóknar 1. júlí 1982	—	89.440,00
		<hr/>
Samtals	kr.	298.630,00

sem hann krefur með dómvöxtum frá 1. júlí 1982 til greiðsludags.

Bótafjárhæð er miðuð við verðlag hinn 4. maí 1981. Stefndi á að fá fullar bætur fyrir hinn eignarnumda eignarhluta. Áfrýjandi fékkst ekki til þess að greiða matsfjárhæðina, og ber því ábyrgð á þeim drætti, sem orðið hefur á uppgjöri. Til þess að stefndi fái fullar bætur, þarf hann, er hann leggur kröfur sínar fyrir dómstóla, að reikna vexti á hina metnu bótafjárhæð og útlagðan kostnað til þess dags, er dómkrafa er sett fram. Útreikningur vaxtanna hefur ekki sætt sérstökum mótmælum.

Ég tel því, að höfuðstóll eignarnámsbótakröfunnar sé rétt fram settur með framangreindum 3 kröfuliðum miðað við 1982 og beri að taka þá kröfu til greina ásamt dómvaxtakröfu frá þeim degi til greiðsludags.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 16. mars 1983.

Mál þetta var upphaflega tekið til dóms á þingfestingardegi þann 9. september 1982, vegna þess að verjandi mætti eigi við þingfestingu. Samkvæmt beiðni stefnda og með samþykkt stefnanda var málið tekið upp af nýju og síðan tekið til dóms af nýju að loknum munnlegum málflutningi þann 23. febrúar 1983.

Málið er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dagsettri 23. júní 1982,

af Rögnavaldi Þorkelssyni verkfræðingi, nnr. 7454-2298, Eikjuvogi 23, Reykjavík, gegn bæjarstjórn Neskaupstaðar vegna bæjarsjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 298.630,00 auk dómvaxta, 39%, af þeirri fjárhæð frá 1. júlí 1982 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð kemur aðeins eftirfarandi fram varðandi kröfur af hálfu stefnda:

„Varðandi stefnufjárhæð, þá er henni mótmælt, tel eðlilegra að hún sé 201.690,- auk dómvaxta frá 4/5 '81 til greiðsludags og kr. 7.500,00 í málskostnað, auk málskostnaðar í máli þessu, sbr. dskj. 3“

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefndi sýknu af öllum stefnukröfum og að stefnandi yrði jafnframt dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Stefnandi samþykkti, að kröfur þessar væru nægjanlega snemma fram komnar, þar sem leiða mætti þær af efni greinargerðar.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að samkvæmt matsorði Matsnefndar eignarnámsbóta hinn 4. maí 1981 skyldi Neskaupstaður sem eignarnemi greiða eignarnámsþolanum Ástu Rögnavaldsdóttur kr. 201.690,00 og kr. 7.500,00 í málskostnað. Þessar tvær fjárhæðir auk 37% ársvaxta af þeim frá 4. maí 1981 til 1. júlí 1982, kr. 89.440,00, nemi stefnufjárhæðinni allri, kr. 298.630,00. Stefnandi sitji nú í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Ástu Rögnavaldsdóttur, sem sé látin.

Í þinghaldi 23. febrúar sl. leitaði dómariinn sátta með aðiljum, en án árangurs.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. desember 1975 voru gefin út „Lög um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi“, og eru lögin svohljóðandi:

„1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi, sem ekki er þegar í eigu kaupstaðarins.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms skal fara eftir ákvæðum laga nr. 11 6. apríl 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í greinargerð fyrir frumvarpi að lögum segir, að frumvarpið sé flutt að beiðni bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað.

Þann 28. desember 1978 gerði bæjarstjórn Neskaupstaðar svofellda samþykkt:

„Samþykkt um eignarnám.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkir að beita lögum nr. 84. frá 24. des. 1975 um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi og fer þess á leit við Matsnefnd eignarnámsbóta að hún meti upp téða landareign.

Felur bæjarstjórn Ragnari Ólafssyni, hrl. að annast málið fyrir bæjarins hönd.“

Áður hafði Rögnvaldur Þorkelsson, stefnandi máls þessa, eiginmaður Ástu Rögnvaldsdóttur, leitað til Matsnefndar eignarnámsbóta og óskað þess fyrir hönd þeirra hjóna, að matsnefndin mæti þeim bætur fyrir nefnt eignarnám, en þau töldu, að kaupstaðurinn hefði þá þegar tekið umráð eignarinnar, og var málið tekið fyrir í matsnefndinni þann 9. júní 1978.

Með bréfi, dagsettu 21. mars 1979, biður Ragnar Ólafsson hrl. f.h. stefnda, bæjarstjórnar Neskaupstaðar, um mat Matsnefndar eignarnámsbóta.

Matsbeiðni bæjarstjórnar Neskaupstaðar var fyrst tekin fyrir í matsnefndinni þann 27. apríl 1979. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu þann 18. mars 1981, og leitað var um sættir með aðiljum, en árangurslaust.

Þann 4. maí 1981 kvað Matsnefnd eignarnámsbóta upp úrskurð í málinu, og er matsorðið svohljóðandi:

„Eignarnemi, Neskaupstaður, greiði eignarnámsþolanum Ástu Rögnvaldsdóttur kr. 201.690,00 og kr. 7.500,00 í málskostnað.

Þann 18. júní 1981 ályktaði bæjarráð Neskaupstaðar eftirfarandi:

„Úrskurður í Matsmálinu Bæjarstjórn Neskaupstaðar gegn Ástu Rögnvaldsdóttur, Nielsi Ingvarssyni o.fl. kveðinn upp 04.05. 1981.

„Úrskurður nefndarinnar er að svæði A 1, sem er 90,16 ha. er metið á 5.900.000.- kr., en heildarmat landsins er 6.050.700.- kr. Hlutur einstaklinga 2 ½ hundrað af 30 hundruðum er því metin á 504.225.- kr.

Bæjarráð telur ekki fært að ganga til samninga á grundvelli matsins en vísa úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta ekki til yfirmats þrátt fyrir hátt verð.“

Stefnandi fékk vitneskju um þessa ályktun bæjarráðs í júní 1981.

Þann 28. júlí 1981 samþykkti bæjarstjórn þessa ályktun bæjarráðs.

Bæjarstjóri sendi síðan stefnanda þessa ályktun bæjarráðs með svofelldri áritun:

„Samþ. m/9 atkv. í Bæjarstjórn án breytinga. LK.“

Stefnandi kveðst hafa mótttekið ályktunina með árituninni þann 13. ágúst 1981.

Bæjarstjórinn í Neskaupstað, Logi Kristjánsson, kom fyrir rétt þann 23.

febrúar sl., og skýrði hann þá m.a. svo frá, að eignarnemi hefði ekki sagt til þess innan mánaðar, frá því að mat á eignarnámsbótum lá fyrir, að hann hyrfi frá fyrirhuguðu eignarnámi og væru tvær ástæður til þess, bæjarstjórn og bæjarráð hefðu ekki fengið niðurstöðu matsins í hendur fyrr en mánuði eftir dagsetningu matsúrskurðar og í öðru lagi þá hafi hvorki honum né bæjarfulltrúum sér vitanlega verið kunnug ákvæði 15. gr. laga nr. 11/1973.

Lagarök aðilja eru þessi:

Stefnandi kveður eignarnema þegar hafa tekið umráð eignarinnar og komi hér ekki til álita ákvæðið um fráhrarf skv. 15. gr. laga nr. 11/1973, en hins vegar liggja beint við að beita eftirfarandi ákvæðum sömu lagagrein- ar: „Að kröfu eignarnámsþola er eignarnema þó skylt að greiða eignar- námsbætur, ef eignarnemi hefur tekið umráð eða hafið hagnýtingu verð- mætis.“ Stefnandi kveður ekki hafa borist neina haldbæra skýringu frá hendi kaupstaðarins á því fyrirbæri, að kaupstaðurinn hafi ekki greitt eign- arnámsbætur, sem þó hafi verið miðaðar við staðgreiðslu hinn 4. maí 1981 eins og verðgildi stóð þá.

Í greinargerð stefnda segir svo um málsatvik og lagarök:

„Málsástæður.

Málsatvik.

Því er haldið fram að beiðni umbjóðanda míns til Matsnefndar eignar- námsbóta um mat, sé liður í verðmætakönnun á Nesjörðinni með hjáleig- unum Bakka og Naustahvammi. Ekki sé um að ræða eignarnám eða lið í eignarnámi, með umræddri beiðni eða eftirfarandi úrskurði Matsnefndar 4/5 '81. Skal m.a. á það benti að undanfari eignarnáms er m.a. alltaf um- ráðapörf á hinu eignarnumda. Umbjóðandi minn hefur þau umráð yfir um- ræddum eignarhluta stefnanda að eignarnámsþörf er ekki fyrir hendi. Leyfi ég mér að vísa til dskj. 10 sem er raunverulega framsal Mælingarnefndar til bæjarráðs Neskaupstaðar á þeim umráðum eignar stefnanda sem stefndi hefur þörf fyrir hverju sinni. Stefnandi stóð m.a. að ofangreindri sam- þykkt. Aðalskipulag Neskaupstaðar frá 1980 breytir t.d. ekki rétti stefn- anda. Stefnandi hefur aldrei gert athugasemdir eða mótmælt störfum Mæ- lingarnefndar Nesjarðar. Eignarnám er lögheimiluð nauðungaraðgerð til eignarskipta og ber því m.a. að skýra allar reglur v/ignarnáms þröngt. Ekki er hægt að þvinga stefnda til kaupa á landi stefnanda slíkt væri m.a. brot á 67. grein stjórnarskrárinnar. Öll lög um eignarnám eiga því ekki við í máli þessu.

Verði ekki fallist á framangreinda málsástæðu leyfi ég mér að benda á eftirfarandi lagarök.

Lagarök.

Helstu lög er gætu snert mál þetta eru 67. gr. stjórnarskrárinnar um frið-

helgi einkaréttar (sic), lög um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973 og lög um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðanna Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi frá 12/12 1975.

Varðandi lög nr. 11/1973 þá koma til álita helst ákvæði 13. og 15. greinar.

13. grein: Ljóst er að stefndi hefur ekki tekið umráð umrædds lands stefnanda. Stefndi hefur ekki krafist stefnanda um umráð yfir landinu enda ekki brýn þörf fyrir hendi. Þar sem engin umráðataka hefur átt sér stað eða er fyrirhuguð á ákvæði þetta ekki við.

15. grein: Verði talið að fyrirhugað eignarnám stefnda hafi verið að ræða, kemur lagagrein þessi til álita: Ég leyfi mér að benda á eftirfarandi lagaskýringarsjónarmið og málavexti um leið og bent er á að eignarnám er nauðungaraðgerð og vísa jafnframt til greinargerðar fyrir 15. grein.

15.1° grein: („ef hann segir til þess innan mánaðar frá því að mat á eignarnámsbótum lá fyrir.“) Stefndi samþykkti á bæjarráðsfundi 18/6 '81 að ganga ekki til samninga á grundvelli málsins (sic), þannig að formleg afstaða stefnda til verðmats Matsnefndar eignarnámsbóta lá ekki fyrir fyrr. Samþykkt bæjarráðsins var gerð nokkrum dögum eftir að stefndi fékk vitneskju um úrskurð Matsnefndar. Stefndandi fékk vitneskju um samþykkt stefnda í júní 1981. Stefndandi hafði síður en svo ástæðu til að ætla að stefndi myndi sætta sig við úrskurð Matsnefndar. Þar sem segir „innan mánaðar“ skal bent á að óvissan um afstöðu stefnda til úrskurðar Matsnefndar var ekki bagaleg fyrir eignarnámsþola, sbr. greinargerð fyrir 15. grein. Þar sem segir „mat á eignarnámsbótum lá fyrir“ leyfi ég mér að benda á að réttarverkanir dóma og úrskurða miðast yfirleitt við birtingu með stefnuvottum eða að úrskurðarorðið sé komið til vitundar úrskurðarþola með öðrum sannanlegum hætti.

Frestur þessi er óeðlilega stuttur með tilliti til þess m.a. að eignarnemi er yfirleitt sveitarfélag, þ.e. fjölskipað stjórnvald tekur afstöðu og fundir yfirleitt á 1 mánaðar fresti.

Með hliðsjón m.a. að (sic) ofangreindu tel ég útilokað að þvinga stefnda til kaupa á eignarhluta stefnanda á grundvelli 15.1° gr., þ.e. að stefndi hafi ekki í tæka tíð sagt stefnda (sic) til um að hann ætli að hverfa frá fyrirhuguðu eignarnámi. Slíkt leiddi til óeðlilegrar niðurstöðu sem jafnframt væri brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Verði talið að 15.1° grein eigi við í máli þessu er umbjóðandi minn reiðubúinn að greiða stefnanda bætur v/sannanlegs tjóns.

15.2° grein: Stefndi hefur ekki tekið umráð eða hafið hagnýtingu á eignarhluta stefnanda og á lagaákvæði þetta því ekki við. Vísa til framangreinds kafla um málsatvik v/umráð og hagnýtingu.

Lög frá 12. des. 1975: Stefndi er á engan hátt bundinn af þessum lögum.

Lög þessi eru heimildarlög. Stefndi hefur það mikil og óskorðuð umráð yfir landi stefnanda að brýn þörf fyrir eignarnámi er ekki fyrir hendi.

Um dskj. 1 og 2, stefna og greinargerð stefnanda:

Varðandi stefnujárhæð, þá er henni mótmælt, tel eðlilegra að hún sé 201.690,- auk dómvaxta frá 4/5 '81 til greiðsludags og kr. 7.500,- í málskostnað, auk málskostnaðar í máli þessu sbr. dskj. 3.

Samþykkt bæjarstjórnar Neskaupstaðar 28/12 1978 er ekki samþykkt um að kaupa eignarhluta stefnanda.

Á bls. 2, dskj. 1 segir frá bréfi stefnanda dags. 14/12 '78. Því er mótmælt að stefndi hafi tekið umráð eignar stefnda (sic) sbr. m.a. það sem áður er sagt. Mælingarnefnd Nesjarðar hefur árlega sent stefnanda arð vegna eignarhluta stefnanda. Stefndi hefur ekkert aðhafst sem brýtur í bága við samning stefnda við félag eigenda Nesjarðar, sbr. dskj. 9, og skipulagsuppdrátt frá 19/5 1959.

Stefndi þurfti ekki að gera fyrirvara um að hann hætti við fyrirhugað eignarnám fyrir Matsnefnd eignarnámsbóta.

13. gr. og 15.2° gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms á ekki við í máli þessu, sbr. það sem að framan er sagt.“

Fram er komið í máli þessu, að eignarnemi hefur samkvæmt sérstökum heimildarlögum, sem sett voru að beiðni hans, fengið mat Matsnefndar eignarnámsbóta á verðmæti því, er hér um ræðir.

Í heimildarlögunum segir, að um framkvæmd eignarnámsins skuli fara eftir ákvæðum laga nr. 11/1973.

Hér á 15. grein þeirra laga við.

Telja verður, að mat á eignarnámsbótum hafi legið fyrir þann 4. maí 1981.

Í ályktun þeirri, er bæjarráð gerði hinn 18. júní 1981 og bæjarstjórn samþykkti hinn 28. júlí, er þess hvergi getið, að horfið sé frá fyrirhuguðu eignarnámi.

Þess er og að geta, að tilkynning um samþykki bæjarstjórnar á ályktun þessari berst ekki eignarnámsþola fyrr en eftir 28. júlí 1981. Þá eru liðnir nær þrjú mánuðir frá því að mat lá fyrir og 40 dagar frá 18. júní, þegar stefnda var í síðasta lagi sannanlega kunnugt um matið. Afstaða bæjarstjórnar til matsins liggur ekki fyrir fyrr en 28. júlí 1981, þegar ályktun bæjarráðs er samþykkt af bæjarstjórn. Líta verður svo á, að þar sem bæjarstjórn tók ákvörðun um að beita heimildarlögunum, hafi hún ein getað horfið frá eignarnámi, sbr. og 25. gr. samþykktar um stjórn Neskaupstaðar, og var eignarnámsþola rétt að líta svo á, enda var eignarnámsþola eigi send ályktun bæjarráðs fyrr en bæjarstjórn hafði samþykkt hana.

Samkvæmt þessu hefur því eigi komið fram í máli þessu, að fyrir liggir skirt og ótvírætt afturhvarf frá eignarnámi, fram komið í tíma.

Að því er varðar vaxtakröfur stefnanda ber að líta svo á, að hann krefjist dómvaxta, eins og þeir eru á hverjum tíma, en þeir voru 39% á ári þann 1. júlí sl., enda segir í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979, að aðili megi krefjast dómvaxta án þess að nefna vaxtafót, og stefndi virðist telja dómvexti eðlilega frá matsúrskurðardegi, 4. maí 1981, til greiðsludags.

Það athugast, að stefnandi málsins er Rögnvaldur Þorkelsson verkfræðingur, nnr. 7454-2298, Eikjuvogi 23, Reykjavík. Í stefnu og í dskj. nr. 21 kemur fram, að hann situr í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Ástu Rögnvaldsdóttur, ásamt tveim sonum þeirra hjóna, sem veitt hafa samþykki til setu í óskiptu búi.

Að svo vöxnu verður að líta svo á, að Rögnvaldur höfði málið fyrir hönd dánarbús Ástu Rögnvaldsdóttur.

Samkvæmt þessu ber því að dæma stefnda, bæjarstjórn Neskaupstaðar vegna bæjarsjóðs, nnr. 6612-0406, til þess að greiða stefnanda, Rögnvaldi Þorkelssyni, fyrir hönd dánarbús Ástu Rögnvaldsdóttur kr. 209.190,00, sem er matsupphæðin, kr. 201.690,00, auk málskostnaðar fyrir matsnefndinni, kr. 7.500,00 ásamt eftirfarandi vöxtum af kr. 201.690,00: 37% ársvöxtum frá 4. maí 1981 til 1. júlí 1982, 39% ársvöxtum frá og með þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá og með þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Þá ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu, sem þykir hæfilega ákveðinn krónur 42.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórn Neskaupstaðar vegna bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Rögnvaldi Þorkelssyni, f.h. dánarbús Ástu Rögnvaldsdóttur kr. 209.190,00 með eftirfarandi vöxtum af kr. 201.690,00: 37% ársvöxtum frá 4. maí 1981 til 1. júlí 1982, 39% ársvöxtum frá og með þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá og með þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 42.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.